

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þingskj. 364 - 321. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1991, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn um ofan nefnt frumvarp.

Barnaheill styðja ákvæði frumvarpsins og telja eðlilegt að það verði samþykkt sem lög.

Samtökin vilja við þetta tækifæri hvetja til þess að sérstaklega sé hugað að börnum hjóna sem ganga í gegnum skilnað og sérstaklega þegar ofbeldi hefur átt sér stað. Hjónaskilnaður er áfall fyrir barn sem getur haft alvarlegar afleiðingar á líf þess. Því ætti áfallahjálp að standa öllum börnum til boða gjaldfrjálst þega hjónaskilnaður er yfirvofandi og vitanlega einnig ef barn býr við heimilisofbeldi.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að mati samtakanna að liðkað verði fyrir því að fólk geti fengið hjónaskilnað án mikilla hindrana. Ef komið er til þess að fólk vilji skilja þá hlýtur að vera orðinn forsendubrestur fyrir að viðhalda hjónabandi. Í nútímasamfélagi er engin ástæða fyrir ríkið að standa í vegi fyrir því ef fólk vill skilja.

Hins vegar er mikilvægt að fræðsla sé veitt foreldrum sem ætla sér að ganga úr hjónabandi um réttindi barna þeirra, um mikilvægi þess að barn verði fyrir sem minnstri röskun við skilnað og að barn eigi rétt á að njóta umönnunar og verndar ásamt því að það eigi rétt á að tjá skoðun sína um öll mál sem það varði.

Þegar heimilisofbeldi hefur átt sér stað þarf að líta svo á að barnið hafi einnig orðið fyrir ofbeldi og þá þarf að veita því viðunandi aðstoð og stuðning. Mikilvægt er að lög tryggi börnum þá þjónustu og að einhver sé gerður ábyrgur fyrir að veita börnum þá þjónustu, svo sem réttargæslumaður barns. Oft er það svo að foreldrar sem ganga í gegnum skilnað eru undir svo miklu álagi að þeir ráða ekki við að sinna öllum verkefnum sínum og barn getur orðið fyrir vanrækslu í slíkum aðstæðum. Sérstaklega á þetta við þegar foreldrar eru að slíta ofbeldissambandi og mikill ágreiningur ríkir. Við því verður að bregðast til að koma í veg fyrir að barn verði vanrækt. Mætti hugsa sér að sýslumanni yrði gerð sú skylda að tilnefna barni réttargæslumann eða talsmann við skilnað foreldra, eftir aðstæðum og alvarleika.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja ríka áherslu á vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Börn sem búa við heimilisofbeldi eru alltaf þolendur ofbeldisins. Mikilvægt er að koma þeim til aðstoðar með virkum hætti, eins fljótt og auðið er.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvið@althingi.is

Kópavogi, 2. desember 2019

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum (hjónaskilnaðir), 321. mál.

Í upphafi þykir rétt að taka fram að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er fylgjandi því markmiði frumvarpsins að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap.

Sú gagnrýni á sýslumann sem einna helst heyrir vegna þessara mála er að þau taki of langan tíma. Ekki verður séð að frumvarpið verði til þess að breyta þeirri stöðu, enda verður sýslumaður, sem stjórnvald, að gæta að því að reglum stjórnssýslunnar sé fylgt, m.a. að því er tekur til andmælaréttar og þess að mál þurfi að vera fullrannsakað áður en ákvörðun er tekin. Verður að telja að meiri áherslu þurfi að leggja á þessa þætti en áður, verði af lagabreytingunni, enda eiga sýslumenn þá að taka ákvarðanir um réttarstöðu einstaklinga, jafnvel gegn andmælum þeirra.

Töluverðar líkur eru á því að væntingar fólks til frumvarpsins séu allt aðrar og meiri en það stendur undir. Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, munu fyrst og fremst nýtast þegar hjón eiga ekki börn og eru eignalaus. Er þar um að ræða lítið hlutfall hjóna. Sérstök ástæða er til að nefna að breytingarnar munu sjaldnast nýtast þegar hjón eiga börn. Má jafnvel ætla að breytingarnar geri þeirra mál erfiðari og tímafrekari, þar sem fram þarf að fara sáttaumleitan um forsjá barna, skv. hjúskaparlögum, sem mun í engu breyta skyldu þeirra til að leita sátta um sama efni í sáttameðferð skv. barnalögum á síðari stigum ef ekki hefur tekist samkomulag.

Hægt er að auka málshraða verulega án lagabreytinga með því einu að auka fjárheimildir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, svo unnt væri að fjölga starfsmönnum við sáttameðferð og aðra málsmeðferð skilnaðarmála, en nú eru þau verkefni undirmönnum sem hefur leitt til þess að bið er eftir þjónustu. Myndu viðskiptavinir sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu strax finna fyrir áhrifum af slíkri ráðstöfun.

Um einstaka greinar frumvarpsins:

Um 1. grein

Hætt er við að umrædd breyting á 34. gr. laganna muni valda misskilningi og skapa óraunhæfar væntingar um það að annar aðili hjónabands geti fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng án nokkurra vandkvæða. Þykir sérstök ástæða til að benda, t.d. á 44. gr. hjúskaparlaga hvað þetta varðar, þar sem fjallað er um frekari skilyrði þess að hjónum verði veitt leyfi til skilnaðar. Þannig



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

verða hjón sem eiga eignir og/eða börn að koma þeim málum í ákveðinn farveg áður en unnt verður að veita leyfi til skilnaðar að borði og sæng á grundvelli hins nýja ákvæðis. Einnig þarf að taka afstöðu til lífeyris og framfærslueyris milli hjóna. **Breytingin mun því aðeins nýtast litlum hópi**, það er þeim sem eru eigna- og barnlausir, eða þeim sem eru sammála um þessi atriði eða hafa komið þeim í réttan farveg.

Um 2. grein

Varðandi aðra grein frumvarpsins, þá verður ekki séð að lögin gangi upp verði 35. gr. laganna felld brott. Greinin er ein af meginforsendum þess að kerfið um skilnað að borði og sæng og um lögskilnað gangi upp. Sé greinin felld brott munu hjón sem hafa fengið útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng ekki hafa nokkurn möguleika á því að fella skilnaðinn niður til að halda hjónabandinu áfram. Til þess munu þau þurfa að fá leyfi til lögskilnaðar fyrst og svo að ganga í hjónaband að nýju. Í raun verður enginn tilgangur með skilnaði að borði og sæng ef ákvæðið er tekið burt. Miðað við þá tölfræði sem talað er um í greinargerð með frumvarpinu, að 15% skilnaðar að borði og sæng endi ekki með lögskilnaði, verður einnig að telja þessa breytingu óráðlega og getur sýslumaður því ekki annað en mælt gegn því að 35. grein laganna verði felld brott.

Hægt er ná markmiðinu sem verið er að stefna að með því að breyta ákvæðinu t.d. þannig að réttaráhrif skilnaðar að borði og sæng falli einungis niður með tilkynningu beggja til Þjóðskrár þess efnis að þau hafi tekið upp samvistir aftur.

Um 3. grein

Heppilegra væri að gera breytingu á 2. mgr. 36. gr. þannig að hún væri orðuð eitthvað á þessa leið: „*Hvor maki um sig á rétt á lögskilnaði eftir að sex mánuðir eru liðnir frá því að leyfi var veitt til skilnaðar að borði og sæng eða dómur gekk. Ber að veita honum leyfi til slíks skilnaðar, sbr. þó 35. gr.*“ Væri þá samræmi í orðalagi 33. greinar, 34. greinar og 36. gr. laganna. Að mati sýslumanns er talið rétt að halda áfram vísun í 35. gr. laganna og halda henni inni í lögnum.

Óljóst er af frumvarpinu og greinargerðinni með því, hvort vilji standi til þess að sýslumenn veiti leyfi til lögskilnaðar eftir skilnað að borði og sæng að kröfu annars hjóna. Þykir orðalagið „nú hefur annað hjóna...“ að einhverju leyti gefa tilefni til að ætla að hugmyndin sé sú. Nauðsynlegt er að taka af öll tvímæli hvað þetta varðar. Bent er á að ef vilji er til þess að sýslumenn veiti leyfi til lögskilnaðar að kröfu annars hjóna og ef breytingin yrði gerð í samræmi við framangreindar tillögur, þá þyrfti einnig að fella 2. mgr. 36. gr. undir 1. mgr. 41. gr. laganna (7. gr. frumvarpsins).

Til að sýslumenn gætu veitt leyfi til lögskilnaðar eftir skilnað að borði og sæng að kröfu annars hjóna væri einnig nauðsynlegt að gera breytingu á 35. gr. laganna á þá leið sem talað er fyrir að framan, þ.e. að skilnaður að borði og sæng falli ekki niður nema með tilkynningu beggja hjóna til Þjóðskrár. Hér þurfa sýslumenn að geta treyst skráningu hjúskaparstöðu hjónanna í Þjóðskrá ef þetta á að vera framkvæmanlegt. Erfitt yrði í framkvæmd að veita leyfi til lögskilnaðar að kröfu



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

annars hjóna ef 35. gr. laganna væri óbreytt, þar sem afstaða hjóna til þess hvort þau hafi tekið upp sambúð að nýju kann að vera mismunandi.

Önnur leið til að ná því markmiði sem stefnt er að væri að ákveða að hjón teljist skilin að lögum eftir að þau hafa verið skilin að borði og sæng í t.d. eitt eða tvö ár. Hér þarf þó einnig að huga að hagsmunum þeirra 15% hjóna sem í dag óska ekki lögskilnaðar eftir skilnað að borði og sæng. Tímamarkið mætti því til að mynda ekki vera of stutt.

Í öllu falli þá lýsir sýslumaður sig fylgjandi því markmiði að annað hjóna geti með einföldum hætti knúið fram lögskilnað eftir að hjón hafa verið skilin að borði og sæng í ákveðinn tíma. Hér skal einnig haft í huga að skv. 45. gr. hjúskaparlaga skulu skilnaðarskilmálar skilnaðar að borði og sæng einnig gilda eftir að lögskilnaður er veittur, nema annars hafi verið getið við skilnað að borði og sæng.

Um 4. grein

Sýslumaður hefur ekki skoðun á tímamörkunum í 4. grein frumvarpsins. Fleiri gætu nýtt sér ákvæðið eftir breytinguna. Eftir sem áður þyrftu hjón að vera sammála um að óska lögskilnaðar á þessum grunni svo sýslumaður gæti veitt leyfi til lögskilnaðar. Önnur skilyrði skilnaðar þurfa og að vera uppfyllt, eins og endranær.

Um 5. grein

Engar athugasemdir eru gerðar við fimmtu grein frumvarpsins.

Um 6. grein

Talað er fyrir miklum breytingum á 40. gr. hjúskaparlaga í 6. gr. frumvarpsins. Verður að telja breytingu á fyrirsögn ákvæðisins eðlilega. Einnig er skilgreining á ofbeldi/hótun um ofbeldi eðlileg breyting frá því sem er í dag þar sem talað er um líkamsárás eða kynferðisbrot.

Ástæða er til að ítreka að til þess að sýslumenn gætu veitt leyfi til lögskilnaðar á grundvelli hins breytta ákvæðis þyrftu önnur skilyrði fyrir útgáfu slíks leyfis að vera uppfyllt, sbr. 44. gr. laganna.

Það að sýslumenn eiga að veita leyfi til lögskilnaðar á grundvelli 40. greinar laganna án þess að samþykki maka liggi fyrir, felur í sér verulegar breytingar á lögnum, þar sem sönnunarmat á því hvort skilyrði skilnaðar er uppfyllt hefur ekki áður farið fram á vettvangi sýslumanna.

Tiltölulega auðvelt yrði í framkvæmd að beita a lið, þ.e. að veita leyfi til lögskilnaðar, liggi fyrir dómur eða þegar maki gengst við brotinu. Sýslumaður lýsir sig fylgjandi þessari breytingu.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu getur ekki mælt með þeim breytingum sem lagðar eru til í liðum b til d. Samkvæmt frumvarpinu á sýslumaður að veita leyfi til lögskilnaðar á grundvelli



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Þessara þátta á grundvelli mats á gögnum og framburði aðila. Óljóst er hvernig þetta mat á að fara fram, hvernig málsmeðferð skuli háttað o.s.frv. Þannig þyrfti væntanlega að kynna gagnaðilanum kröfuna og gefa honum kost á að andmælum. Mætti t.d. ímynda sér að viðkomandi myndi í einhverjum tilvikum setja fram kröfu um lögskilnað vegna ofbeldis hins, sem svar við kröfunni, hvort sem það ætti við rök að styðjast eða ekki. Óljóst er hvernig ætti þá að fara með kröfuna. Ólíklegt er að framangreindar breytingar flýti málsmeðferðinni hjá sýslumanni. Þau mál þar sem ekki yrði fallist á lögskilnaðarkröfuna myndu líklega taka lengri tíma en áður, þ.e. þegar sýslumaður mæti stöðuna þannig að skilyrðin væru ekki uppfyllt, enda þyrfti þá að taka efnislega afstöðu til kröfunnar, þar sem mati sýslumanns væri gerð skil. Er þarna um að ræða mun flóknari afgreiðslu en í dag, þar sem málum þar sem ekki er samkomulag hjóna, er lokið með einföldum hætti.

Þeir einstaklingar sem ekki geta „sannað“ ofbeldi eru settir í erfiða stöðu með lagabreytingunni. Sá sem gerir kröfu um beinan lögskilnað á grundvelli ofbeldis og tekst ekki að sanna það, endar aftur á upphafsreit þegar beiðninni er hafnað eftir ferli, sem sennilega væri lengra en í dag.

Ákvörðun sýslumanns um að veita skilnaðarleyfi er ekki kæránleg til ráðherra. Í ljósi þess að skilnaðarleyfi væri í einhverjum tilvikum gefið út gegn mótmælum hins aðilans, verður að telja kæruleið eðlilega og að hún væri til æðra stjórnvalds, þ.e. ráðherra. Ekki verður séð að maki sem búið hefur við ofbeldi sé vel settur með því að gagnaðilinn höfði dómsmál til að fá útgáfu leyfisbréfsins hnekkkt, með þeirri óvissu sem fylgir.

Þá verður ekki hjá því komist að benda á að það kann að vera íþyngjandi fyrir marga að maki þeirra hafi fengið leyfi til lögskilnaðar á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga, sér í lagi ef viðkomandi hefur aldrei beitt ofbeldi. Má í þessu sambandi benda á að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að brot sé sannað heldur einungis að „tilefni sé til þess að ætla...“. Annað tilvik væri t.d. þegar bæði hjóna hafa mátt þola ofbeldi af hálfu hins, þá má leiða líkur að því að það yrði þungt fyrir þolanda ofbeldis að lúta því að maki þess hafi fengið leyfi til lögskilnaðar vegna ofbeldis af þess hálfu.

Um 7. grein

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við 7. grein frumvarpsins, sjá þó umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins.

Um 8. grein

Mikilvægt er að gera greinarmun á annars vegar *sáttaumleitan skv. 42. gr. hjúskaparlaga*, sem felst í að kanna grundvöll að áframhaldandi hjúskap og hins vegar *Sáttameðferð skv. 33. gr. a barnalaga*, þar sem leitað er sátta milli foreldra sem deila um forsjá, lögheimili eða umgengni.

Misskilings virðist gæta um tilgang sáttaumleitana skv. núgildandi 42. gr. hjúskaparlaga en greinin fjallar um sáttaumleitan í aðdraganda skilnaðar. Samkvæmt 3. mgr. núgildandi ákvæðis fellst í þeirri sáttaumleitan að kanna grundvöll að framhaldi hjúskaparins. Sáttumleitan samkvæmt



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

núgildandi ákvæði felur þannig **ekki** í sér samtal um fyrirkomulag forsjár og/eða lögheimilis barna eftir skilnað hjóna. Frumvarpið mælir að þessu leyti fyrir um aukið umfang sáttaumleitana samkvæmt 42. gr. hjúskaparlaga. Sú aukning myndi engu breyta um sáttameðferð skv. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003. Þannig þyrftu hjón í öllum tilvikum að leita satta skv. barnalögum ef ágreiningur væri uppi um forsjá og/eða lögheimili barna.

Ef hugmyndin er að fella niður sáttaumleitan skv. 42. gr. hjúskaparlaga í núverandi mynd, er nauðsynlegt að áður sé aflað upplýsinga um árangur af þeim. Ekki er vitað til þess að gerð hafi verið rannsókn á sáttaumleitan sem forstöðumenn trúfélaga veita í dag á grundvelli gildandi ákvæða. Full ástæða er til að kanna hvernig núverandi ákvæði er að virka og hvaða árangri sáttaumleitan sem forstöðumenn trúfélaga veita, er að skila. Erfitt er að taka undir breytingar á gildandi lögum án þess að fyrir liggi upplýsingar um það hvernig framkvæmd núgildandi laga er að reynast. Þykir mega slá því föstu að sáttaumleitan skili í einhverjum tilvikum þeim árangri að hjón ná sáttum um að halda hjónabandinu áfram. Þau mál koma, eðli málsins samkvæmt, aldrei inn á borð sýslumanna.

Jafnframt er það mat sýslumanns að ef árangur af núverandi sáttaumleitan er óverulegur, að réttara væri að fella 42. gr. laganna brott í heild sinni frekar en að gera þær breytingar á ákvæðinu sem frumvarpið talar fyrir. Breytingarnar skarast verulega á við ákvæði 33. gr. a. barnalaga og bæta í raun ekki með nokkrum hætti stöðu hjóna sem hyggjast skilja og eiga í ágreiningi um forsjá eða lögheimili. Má telja líklegra en ekki að breytingarnar geri stöðu þessara aðila óljósari og jafnvel verri en hún er í dag.

Ef fela á sýslumanni að leita satta í meira mæli en þegar er þá kallar það augljóslega á kostnaðarmat og fjölgun starfsmanna hjá sýslumönnum.

Um 9. grein

Varðandi gildistöku þarf að hafa í huga að fella á brott 35. gr. laganna. Leiðir það óhjákvæmilega til þess að hjón sem eru skilin að borði og sæng fyrir gildistöku laganna munu ekki eiga þess kost að fella réttaráhrif skilnaðarins niður vilji þau það.

Önnur atriði til umhugsunar

Þegar hjón eru ekki sammála um skilnað, ekki sammála um grundvöll hans, um forsjá eða lögheimili barna, um skiptingu eigna og jafnvel ekki heldur um lífeyri og framfærslueyri, þá getur orðið til langvarandi deilumál sem reka þarf með mismunandi hætti. Ágreiningur um forsjá og lögheimili þarf að reka fyrir dómi, sömuleiðis skilnaðarkröfuna sjálfa. Ágreiningur um fjárskipti fer til skiptastjóra eftir að dómstóll hefur úrskurðað um opinber skipti. Framvinda hvers og eins máls getur verið flókin og langvarandi. Ágreiningur um lífeyri er ekki algengur, en slík mál heyra undir sýslumann. Sáttameðferð er sömuleiðis veitt hjá sýslumanni og fyrsta beiðni um skilnað er venjulega lögð þar fram. Ástæða er til að skoða vandlega hvernig hægt er að einfalda ferlið eins



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmári 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • fjolskylda@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

og hægt er, í þágu þolenda ofbeldis, sem og annarra sem rekast á hindranir í skilnaðarferlinu. Að mati sýslumanns er mikilvægt að tryggt sé að breytingar á réttarstöðu þessa viðkvæma hóps leiði ekki til réttaróvissu, heldur að ljóst sé frá upphafi hver staða þeirra er. Hætt er við að þær breytingar sem lagðar eru til á 40. gr. hjúskaparlaga, verði til þess að flækja ferli skilnaðar hjá þolendum ofbeldis, fremur en að einfalda það. Hægt er styrkja stöðu þolenda ofbeldis með aukinni réttaraðstoð, en þolandi ofbeldis sem ekki hefur ráð á nauðsynlegri lögmannsaðstoð er í sérstaklega veikri stöðu. Sömuleiðis er kostnaður við opinber skipti hamlandi, en sá sem æskir opinberra skipta þarf að leggja fram tryggingu fyrir skiptakostnaði og ber ábyrgð á honum. Velta má fyrir sér hvort ekki væri æskilegt að auðvelda aðgengi þessa hóps að dómstólum, m.a. með rýmkun reglna um gjafsókn í þessum málum. Sérstaklega mikilvægt er að þau mál þar sem hjón eiga saman börn geti fengið skjóta afgreiðslu, þar sem langvarandi deilur foreldra eru til þess fallnar að valda börnum skaða.

Aftur er ítrekað að ekki er lagt til í frumvarpinu að hægt sé að fá skilnað, án þess að önnur skilyrði laga séu uppfyllt, þ.e. um skipun forsjár, fjárskipti og lífeyri. Þar sem algengast er að hjón eiga börn og eignir, er ljóst að úrræðið muni ekki nýtast nema örfáum.

Að lokum er ítrekað að kostnaðameta þarf og eftir atvikum fjármagna breytingar sem auka umfang starfa sýslumanns.

Virðingarfyllst
Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Óskar Sturluson, fulltrúi



150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 364 — 321. mál.

Umsögn sýslumannsins á Suðurlandi um frumvarp til laga

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir).

Flm.: Jón Steindór Valdimarsson, Andrés Ingi Jónsson, Björn Leví Gunnarsson, Hanna Katrín Friðriksson, Helga Vala Helgadóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Þorsteinn Víglundsson.

Inngangur

Sýslumaðurinn á Suðurlandi þakkar fyrir tækifærið að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í inngangi greinargerðar við frumvarpið eru reifaðar þær breytingar á hjúskaparlögum sem breytingarnar eiga að hafa í för með sér en þær eru í meginráttum; að tímamörk kröfu um lögskilnað verði sá sami hvort sem krafa er lögð fram af báðum hjóna eða öðru þeirra (krafa lögð fram í ágreiningi eða ekki), tilgangur laganna sé að einfalda málsmeðferð löggskilanaðar, lögskilanaður vegna heimilisofbeldis verði gerður að raunhæfum kosti og að sáttumleitan verði breytt í form samtals um forsjá. Þá kemur fram að markmið framangreindra breytinga sé að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til að slíta hjúskap. Umsögn sýslumannsins á Suðurlandi tekur mið af þeim framangreindu markmiðum sem sett eru fram í greinargerð flutningsmanna um frumvarpið.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins

- 1. gr. (breyting á 34. gr. hjúskaparlaga)

Breytingarnar fela í sér að fastar er að orði kveðið en í ljósi þess að það kemur ekki fram hvort gera eigi breytingar í þá átt að sýslumenn geti veitt skilnað að borð og sæng þegar um ágreining um skilnað er að ræða (í stað dómstóla hingað til) verður ekki séð að breyting á orðalagi leiði til þess að markmiðum flutningsmanna um að auðvelda skilnað sé náð fram. Sé það ætlun flutningsmanna að færa þetta vald frá dómstólum til sýslumanna vill sýslumaðurinn á Suðurlandi vekja athygli á mikilvægi þess að slíkt myndi leiða til aukinna verkefna sem þarf að kostnaðargreina og tryggja að nægilegt fjármagn fylgi nýjum verkefnum sýslumanna.

- 2. gr. (35. gr. fellur brott)

Sýslumaðurinn á Suðurlandi telur að breytingin geti verið til þess fallin að einfalda stjórnábyrgð þegar kemur að hjónaskilnaðum og draga úr forræðishyggju. Öðru hverju kemur upp sú staða að hjón þurfi að endurtaka skilnaðarmál þar sem þau athuguðu ekki að færa lögheimili sitt í kjölfar útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng, þrátt fyrir viðvaranir Þjóðskrár Íslands um að færi a.m.k. ekki annað þeirra ekki lögheimili sitt verði þau skráð í hjúskap að nýju. Á hinn bóginn er með breytingunni verið að taka valkost af fólki sem vill halda áfram hjúskap eftir að leyfi hefur verið gefið til skilnaðar að borði og sæng og skv. tölulegum upplýsingum úr greinargerð frumvarpsins virðist vera tiltölulega hátt hlutfall hjóna sem kys það.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

- 3. gr. (breytingar á 36. gr.)

Vakin er athygli á því að í ákvæðinu er gert ráð fyrir að dómur hafi gengið í skilnaðarmáli en samkvæmt þeim breytingum sem á að gera á 34. gr. laganna virðist vera gert ráð fyrir að sýslumenn veiti leyfi til skilnaðar þrátt fyrir ágreining þar að lútandi.

- 4. gr. (breytingar á 37. gr.)

Sýslumaðurinn á Suðurlandi gerir ekki efnislegar athugasemdir við tillögur að breytingum sem frumvarpið felur í sér varðandi styttri tíma, hins vegar má benda á að skýra þarf hvaða kröfur þurfi að uppfylla til að unnt sé að nýta heimild til beins lögskilnaðar í slíkum tilfellum. Skýrar leiðbeiningar frá löggjafanum um hvernig sýnt verði fram á að hjón hafi ekki búið saman í a.m.k. eitt ár, verði það gert með skráningu á dvalarstað eða er nægilegt að annað þeirra lýsi því yfir eða hvort bæði hjóna þurfi að lýsa því yfir? Þá þarf löggjafinn að taka afstöðu til þess hvort ákvæðið eigi við hvort sem hjón eru sammála um að æskja lögskilnaðar eða ekki. Hafa ber í huga að þar sem beinn lögskilnaður er undantekning frá meginreglunni um skilnað að borði og sæng og ber því að skýra heimildina þröngt út frá hefðbundnum lögskýringarreglum. Skýr ákvæði um til hvaða tilfella undantekningarreglunarnar taka hafa þannig mikilvæg áhrif á raunveruleg gildi slíkra heimilda.

- 5. gr. (3. mgr. 39. gr. fellur brott)

Verði 3. mgr. 39. gr. hjúskaparlaga felld brott fækkar það úrræðum hjóna til að óska beins lögskilnaðar samkvæmt 39. gr. en þar með væri ekki hægt að höfða dómsmál vegna kröfunnar heldur einungis fá umfjöllun um hana á stjórnarsýslustigi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi getur því ekki mælt með breytingunni en hafi það verið ásetningur flutningsmanna frumvarpsins að fella tímafresti ákvæðisins brott með brottfellingu 3. mgr. getur sýslumaður heldur ekki fallist á að það sé heppilegt að hafa mjög gömul tilvik til umfjöllunar hjá dómstólum en hugsanlega mætti ganga lengra og lengja tímafrest.

- 6. gr. (breytingar á 40. gr.)

Sýslumaðurinn á Suðurlandi gerir ekki athugasemdir við breytingu á heiti ákvæðisins. Hvað varðar efnislegar breytingar ákvæðisins þyrfti að skýra betur hvað felst í hugtakinu *fjárhagslegu ofbeldi* til að auka líkur á því að um raunhæfan kost sé að ræða til að óska beins lögskilnaðar. Sýslumaður fagnar því að talin skuli vera upp í ákvæðinu þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að mega gefa út lögskilnaðarleyfi. Hins vegar þarfnast skilyrði d. liðar nánari skýringa. Ekki verður séð að ástæða sé til að tiltaka tölulið a, b og c ef d liður á að standa óhaggaður enda veiti d liður sýslumanni það víðtækt vald til að meta aðstæður að aðrir töluliðir verða óþarfir. Þá er vakin athygli á því að hér er verið að fela sýslumanni að annast einhverskonar sönnunarmat sem verið hefur á vegum dómsstóla. Sé ætlunin að færa slíka vinnu yfir til sýslumanna kallar það á gríðarlegar breytingar á mannafla og breytingin kallar þannig á kostnaðargreiningu. Breytingunni þyrfti því að fylgja tryggt fjármagn.

- 7. gr. (breytingar á 41. gr.)

a) Með breytingunni er áréttað að verið er að færa ágreiningsmál frá dómstólum til sýslumanna. Þau verkefni þarf að kostnaðargreina og fjármagn til sýslumanna þarf að fylgja breytingunni.
b) Með breytingunni er áréttað að verið er að færa ágreiningsmál frá dómstólum til sýslumanna. Þau verkefni þarf að kostnaðargreina og fjármagn til sýslumanna þarf að fylgja breytingunni.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

- 8. gr. (breyting á 42. gr.)
 - a) Sáttameðferðin sýslumaðurinn er til að kanna grundvöll fyrir áframhaldandi hjúskap en ekki fjalla um sættir vegna forsjár. Sú sáttameðferð fer fram skv. 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003 og er skylt að láta slíka sáttameðferð fara fram ef ágreiningur er uppi um forsjá og/eða lögheimili barna bæði í sambúðarslitamálum og hjónaskilnaðarmálum. Áskilnaður er hins vegar um að sáttameðferð skv. 42. gr. hjóna fari fram eigi þau barn sem þau hafa forsjá yfir. Óháð þessu er það áleitinn spurning hvort hjónum skuli vera gert skylt að kanna grundvöll að framhaldi hjúskapar jafnvel þó þau hafi sameiginlega forsjá barns enda er áframhaldandi hjúskapur ekki endilega það besta fyrir barnið. Sömuleiðis er það áleitinn spurning hvort prestar eða forstöðumenn trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga eigi að annast slíka sáttameðferð skv. hjúskaparlögum, jafnvel þó hjón geti leitað til þeirra. Sú leið hefur verið valin til dæmis í Danmörku að leggja ríka áherslu á ráðgjöf og fallið hefur verið frá þeirri stefnu að hraða hjónaskilnaði. Við hjónaskilnað þar í landi er mikil og þung áhersla lögð á leiðbeiningu til foreldra við skilnað, leiðsögn, ráðgjöf og foreldrasamvinnu. Áherslan er á sameiginlegt hlutverk foreldra eftir skilnað en ekki endilega að hjúskapur haldi áfram en það eru tveir ólíkir hlutir. Í 42. gr. hjúskaparlaga er fjallað um grundvöll fyrir áframhaldandi hjúskap.
 - b) Með brottfalli 3. mgr. er grundvöllur ákvæðisins brostinn.
 - c) Vakin er athygli á því að dómara er falið hlutverk í sáttameðferð skv. breytingarákvæði en skv. öðrum ákvæðum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir aðkomu dómstóla í hjónaskilnaðarmálum. Með því að halda inni skyldu um sáttameðferð en færa meðferðina frá prestum og forstöðumönnum lífsskoðunarfélaga til sýslumanna og dómara er verið að færa yfir á þau aukin verkefni sem þarf að kostnaðargreina og verkefninu þarf að fylgja fjármagn til sýslumanna og dómstóla.
 - d) Sýslumaðurinn á Suðurlandi gerir ekki athugasemdir við breytinguna og veltir jafnframt upp þeirri spurningu hvort ekki megi ætíð reyna sættir með hjónum hvort í sínu lagi óháð því hvort um ofbeldissamband hafi verið að ræða eða ekki.
 - e) Sýslumaðurinn á Suðurlandi vísar til umfjöllunar í a lið hér að framan en grundvöllur fyrir sáttameðferð skv. 42. gr. kemur fram í 3. mgr. laganna en það er hvort grundvöllur sé fyrir áframhaldandi hjúskap. Fyrirsögn ákvæðisins er því villandi. Hins vegar má velta upp þeirri spurningu hvort yfirskrift ákvæðis 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003 ætti heldur að bera yfirskriftina *sættir um forsjá* heldur en *sáttameðferð* sem er víðtækara og algengt er að fólk í ofbeldissamböndum telji að til standi að sætta samband aðila en ekki aðeins að ná samningum um forsjá og/eða lögheimili barna.

Leiðir til að ná fram markmiðum frumvarpsins

Tekið er undir með flutningsmönnum frumvarpsins að mikilvægt er að gildandi hjúskaparlög endurspegli tíðarandann. Í samhengi við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu til breytinga á hjúskaparlögum þá veltir Sýslumaðurinn á Suðurlandi upp þeirri spurningu hvort skilnaður að borði og sæng eigi endilega að vera meginreglan eða hvort ástæða sé til að snúa skilnaðarferlinu við, meginreglan verði þannig lögskilnaður nema hjón ákveði heldur að óska skilnaðar að borði og sæng, með öllum þeim réttaráhrifum sem því fylgir, þ. á m. 35. gr. hjúskaparlaga. Er spurningunni varpað fram m.a. með vísan til yfirlýstra markmiða frumvarpsins um að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til skilnaðar. Það getur verið þolendum ofbeldis í hjúskap afar þungbært að vera tengt hinu hjónanna lagalegum böndum þar til lögskilnaður gengur í gegn þegar undanþáguheimildir til beins lögskilnaðar duga ekki til. Þá blasir við sú



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

grundvallarspurning hvaða tilgangi skilnaður að borði og sæng þjóni í nútíma samfélagi og hvort skilnaður að borði og sæng endurspegli tíðaranda samtímans, óháð því hvort um ofbeldissamband er að ræða eða ekki. Verði hjónum heimilt að óska beins lögskilnaðar án þess að telja upp sérstakar ástæður fyrir því við fulltrúa sýslumanns er um leið ekki þörf á flóknum skilgreiningum í hjúskaparlögum eða skilyrðum fyrir skilnaði (sérstakar ástæður sem heimila beinan lögskilnað sem er undantekning frá meginreglunni um skilnað að borði og sæng). Þó frumvarpið lúti að stöðu þolenda ofbeldis má t.d. nefna stöðu þeirra sem gera sér grein fyrir því í hjúskap að kynhneigð þeirra er önnur en hjúskapur þeirra gefur til kynna. Engar heimildir eru til að láta beinan lögskilnað fara fram heldur verður fólk í þeirri stöðu að setta sig við að vera skilið að borði og sæng í 6 mánuði án þess að nokkrar líkur séu á því að forsendur séu fyrir hjúskapnum.

Mikilvægt er að hafa í huga að jafnvel þó lögskilnaður væri meginreglan og skilnaðar að borði og sæng veittur samkvæmt heimildarákvæði þá mega breytingar til að ná fram markmiðum um að flýta skilnaði þegar um ofbeldi er að ræða ekki bitna á „gæðum” málsmeðferðar til handa foreldra sem bera sameiginlegar skyldur og ábyrgð gagnvart sameiginlegum börnum. Því vísar Sýslumaðurinn á Suðurlandi aftur til þeirrar málsmeðferðar sem tekin hefur verið upp í Danmörku og miðar að því að bæta hæfni foreldra til að sinna sameiginlegum skyldum sínum gagnvart börnum en þar í landi hefur verið snúið frá þeirri stefnu að hraða hjónaskilnaðarmálum.

Þá vill Sýslumaðurinn á Suðurlandi sérstaklega beina sjónum þingmanna að þeirri leið sem nefnd er í greinargerð með frumvarpinu og er leiðin sem farin er í Noregi. Hún lítur sérstaklega að því sem gæti talist verið *fjárhagslegt ofbeldi* og bitnar aðallega á fátækum eða félagslega veikburða konum, iðulega af erlendu bergi brotnu. Það er krafa hjúskaparlaga um að ljúka skuli fjárskiptum áður en skilnaðarleyfi er gefið út. Skilnaðarferli er hægt að draga á langinn með því að semja ekki um fjárskipti og í sumum tilfellum semur fólk “af sér” til þess eins að losna úr hjúskapnum. Sýslumaður getur gefið út skilnaðarleyfi ef ágreiningur er um fjárskipti en þingfest hefur verið mál fyrir héraðsdómi um opinber skipti á búi hjóna. Það athugist hins vegar að til að færa slík mál fyrir dóm þarf að greiða skiptatryggingu og e.a. greiða lögmanskostnað og því fer fjarri að allir hafi ráð á því. Þannig getur fólki verið haldið í hjúskap gegn vilja sínum í langan tíma. Í Noregi er gefið út skilnaðarleyfi en ágreiningur um fjárskipti getur haldið áfram þrátt fyrir skilnað og getur verið leystur með sama hætti og áður. Fjárskiptin standa þannig hjónaskilnaði ekki í vegi. Þær breytingar sem boðaðar eru með frumvarpinu taka ekki á vanda þessa viðkvæma hóps. Önnur leið til að koma til móts við þennan hóp væri að heimila gjafsókn í fleiri tilfellum eða lækka þröskuldinn til að hljóta gjafsókn í umræddum málum. Það væri líklegast einfaldasta, skjótvirkasta og áhrifamesta leiðin til að koma til móts við brothættan hóp í samfélaginu sem býr jafnvel við kúgun og ofbeldi af hálfu maka í hjúskap.

F.h. sýslumannsins á Suðurlandi
Virðingarfyllst


Arndís Soffía Sigurðardóttir
sifjadeild





Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Umsögn Ungra jafnaðarmanna um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjúónaskilnaðir), 321. mál, þjsk. 364.

Ungir jafnaðarmenn (hér eftir *UJ*) fagna umræddu frumvarpi sem færir nógildandi hjúskaparlög til nútímahorfs. *UJ* telja að um tímabæra breytingu sé að ræða þar sem ítrekað hefur verið deilt frásögnum um hvernig nógildandi ferli virkar ekki fyrir þolandur ofbeldis í nánnum samböndum. Meðal annars vegna þess að þolandi getur ekki krafist skilnaðar frá geranda sínum fyrir sýslumanni nema að gerandinn samþykki. Þar af leiðandi er hægt að viðhalda ofbeldi gagnvart þolanda með því að neita að samþykkja skilnað. Með þeim hætti viðheldur gerandi valdi sínu og áhrifum á líf þolanda áfram.

UJ taka undir að sönnunarkröfur eigi ekki að vera svo miklar og í lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, greinir þar sem skilnaður er að jafnaði ekki jafn íþynjandi og refsingar almennt. Einnig að nauðsynlegt sé að taka inn í matið andlegt ofbeldi sem er að jafnaði undanfari líkamslegs ofbeldis, sem og aðrar birtingarmyndir ofbeldis í nánnum samböndum t.d. fjárhagslegt, félagslegt og kynferðislegt ofbeldi.

Að lokum vilja *UJ* leggja til að heiti 40. gr. laganna verði breytt úr *Líkamsárás í Ofbeldi í nánnum samböndum* í stað *Heimilisofbeldi*, þar sem hugtakasambandið *ofbeldi í nánnum samböndum* nær mikið frekar yfir þá háttsemi sem um ræðir.

Virðingarfyllst,

Nikáína Hildur Sveinsdóttir
Forseti Ungra jafnaðarmanna

Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

**Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993,
321. mál löggjafarþings 2019-2020**

Vísað er til beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn undirritaðrar við framangreint frumvarp, dags. 11. nóvember sl.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við 1 – 5. gr. frumvarpsins og tekur undirrituð undir að þær breytingar sem þar eru lagðar til við 34. – 39. gr. hjúskaparlaga séu til bóta og þjóni því markmiði frumvarpsins að bæta úr og einfalda framkvæmd hjónaskilnaðar.

Bent skal þó á að ný 34. gr. hjúskaparlaga skv. frumvarpinu er efnislega sú sama og núgildandi ákvæði, einungis virðist því um orðlagsbreytingu að ræða sem e.t.v. er óþörf.

Hvað varðar tillögu að **nýrri 40. gr. hjúskaparlaga** í 6. gr. frumvarpsins, um rétt til beins lögskilnaðs vegna heimilisofbeldis þá tekur undirrituð undir að þörf sé á breytingu á orðalagi og inntaki ákvæðisins. Hins vegar er undirrituð ekki sammála þeirri breytingartillögu sem frumvarpið ber með sér.

Hið nýja ákvæði er með of gildihlöðnu orðalagi til að geta þjónað þeim tilgangi sínum að auðvelda þolendum heimilisofbeldis að fá lögskilnað. Þá er ákvæðið of matskennt og leggur í hendur fulltrúa sýslumanns að meta refsináemi ofbeldisverknaðar og taka afstöðu til þess, sem einungis dómstólar eru bærir um að gera.

Þá er að mati undirritaðrar óþarfi að telja upp „líkamlegt, kynferðislegt, andlegt og fjárhagslegt ofbeldi“ – það nægir að taka fram að rétturinn nái til þeirra atvika þegar maki hefur beitt hinn aðilann eða barn þeirra ofbeldi. Upptalning á ýmsum „tegundum“ ofbeldis horfir ekki til einföldunar.

Tillaga undirritaðrar að nýju orðalagi 1. mgr. er eftirfarandi

Annað hjóna getur krafist lögskilnaðar án undangengis skilnaðar að borði og sæng hafi makinn beitt það eða barn á heimili þeirra ofbeldi.

Undirrituð er sammála því að það komi fram í ákvæðinu hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að hægt sé að veita beinan lögskilnað á grundvelli þess, en sem fyrr segir þá er ákvæðið í

frumvarpinu of matskennt og fulltrúa sýslumanns gert að setjast í dómarsæti. Ef ákvæðið á að þjóna markmiði sínu þá verður matið að vera að öllu leyti hlutlægt.

Þannig telur undirrituð að a- og b- liðir hins nýja ákvæðis sé þannig orðað að það gefi fulltrúa sýslumanns hlutlæga aðkomu að málinu sem hægt er að leggja til grundvallar útgáfu lögskilnaðarleyfis, en ekki c- og d- liðir.

Eins og orðalag c- og d- liða er í frumvarpinu þá er verið að leggja í hendur fulltrúa sýslumanns að meta hvort ofbeldi hafi átt sér stað á heimilinu eða ekki. Er þá verið að upphefja væntanlega enn eina málsmeðferðina sem viðkomandi þolandi þarf varla á að halda. Mögulega er þá þegar í gangi mál hjá lögreglu, barnaverndaryfirvöldum, dómstólum o.s.frv. og varla á það bætandi.

Með þessum staflíðum vakna einnig í raun fleiri spurningar en þeir svara. Eiga þolendur t.d. að þurfa að fara í gagnaöflun til að „sanna“ ofbeldi? Á gerandinn að fá að veita andsvör og leggja fram gögn og þá hvaða gögn? Á að hvetja börn til að setja frásagnir sínar fram til fulltrúa sýslumanns? Er þá verið að blanda börnum um of í meðferð skilnaðarmáls foreldra þeirra? Hvernig á að ná fram slíkum frásögnum barna og hver á að meta slíkar frásagnir?

Þá verður einnig að líta til þess að sýslumannsfulltrúar eru ekki til þess bærir að fella dóma um hvort refsivert ofbeldi hafi átt sér stað, það geta einvörðungu dómstólar gert. Ákvæðið eins og það stendur nú, með staflíðum c- og d fer því væntanlega gegn ákvæði 70. gr. stjórnarskrár.

Það er því tillaga undirritaðrar að 2. mgr. hins nýja ákvæðis verði með a- og b- liðum óbreyttum eins og frumvarpið ber með sér, en c- og d- liðir verði felldir út.

Undirrituð gerir ekki athugasemd við ákvæði 7. gr. frumvarpsins en bendir á að e.t.v. væri rétt að hnykkja á að skilyrði 43. og 44. gr. hjúskaparlaga þurfi ávallt að vera uppfyllt. Undirrituð mun víkja nánar að því síðar í umsögn þessari.

Hvað varðar tillögu að **nýrri 42. gr. hjúskaparlaga** í 8. gr. frumvarpsins þá fagnar undirrituð þeim tillögum. Löngu tímabært er að breyta því ákvæði og færa til nútímahorfs.

Undirrituð telur þó að fyrirsögnin „Sáttaumleitan“ sé góð og óþarfi að breyta henni, en e.t.v. er það smekksatriði. Þá telur undirrituð það óljóst hvað eigi að felast í „sam tali um forsjá barna“ sem ekki er nú þegar innifalið í sáttamiðlun skv. 33. gr. a. barnalaga, sem hjónum er skylt að fara í ef þau eru ekki sammála um málefni barna sinna. Þá er orðalag í tillögu að 2. mgr. óljóst og óskýrt að mati undirritaðrar.

Tillaga undirritaðrar að nýrri 2. mgr. er svohljóðandi:

Eigi hjón börn undir 18 ára aldri skal sýslumaður veita leiðbeiningar um meginefni ákvæða barnalaga sem eiga við um réttarstöðu barna eftir skilnað foreldra og leita sátta með hjónunum um málefni barna þeirra.

Þá telur undirrituð að ný málsgrein á eftir 7. mgr. ætti að hljóða svo :

Heimilt er að reyna sættir með hjónum hvoru í sínu lagi komi fram ósk um það.

Einnig telur undirrituð að fella ætti úr gildi nógildandi 6. og 7. mgr. 42. gr. enda eiga þau ákvæði ekki lengur við ef breyting á öðrum ákvæðum nær fram að ganga.

Undirrituð vill bæta við umbeðna umsögn um frumvarp örlítilli umfjöllun um 43. og 44. gr. hjúskaparlaga sem fjallar um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að skilnaðarleyfi geti verið gefið út af hálfu sýslumanns, og á það jafnt við um skilnað að borði og sæng eða beinan lögskilnað. Fyrirsögn kaflans er *E. Skilnaðarkjör*.

Í 43. gr. er á ný kveðið á um skyldu til að leita samkomulags sem að mati undirritaðrar er óþarfi þar sem búið er að kveða á um slíkt í 42. gr. og sérstaklega ef breytingar í frumvarpi ná fram að ganga, sem mun horfa til þess að gera sanningsumleitanir skýrari og auðveldari í framkvæmd. Undirrituð vill því leyfa sér að leggja til breytingu á 1. mgr. 43. gr. hjúskaparlaga og myndi nýtt ákvæði hljóða svo

Hjón skulu staðfesta samkomulag um skipan forsá barna sinna, um framfærslueyri eða lífeyrisgreiðslur sín á milli og um aðra skilnaðarskilmála fyrir sýslumanni eða dómara.

Þá myndi 2. mgr. ákvæðisins vera óbreytt en 3. mgr. um reglugerðarheimild myndi falla niður, enda óþörf.

Þá vil undirrituð einnig leggja til að 44. gr. hjúskaparlaga verði breytt þannig að ágreiningur um framfærsluskyldu eða lífeyrisgreiðslur milli hjóna myndi ekki tefja útgáfu skilnaðarleyfis, en nokkuð hefur borið á því að slíkur ágreiningur tefji útgáfu skilnaðarleyfis svo mánuðum skiptir. Hefur það einkum bitnað á konum í viðkvæmri stöðu, eins og t.d. þolendum heimilisofbeldis, en undirrituð myndi telja að það þjóni markmiðinu sem frumvarp þetta er byggt á að bæta úr þessu framkvæmdaatriði með lagabreytingu.

Því vill undirrituð leggja til að bætt verði við inn í 2. mgr. 44. gr. ákvæði þessa efnis og gæti tillaga að breytingu orðast svo

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 44. gr. laganna

Á eftir orðunum „Ágreiningur foreldra um forsjá og framfærslueyri barna“ kemur : „eða ágreiningur um framfærslueyri eða lífeyrisgreiðslur með maka í samræmi við ákvæði VII. kafla,“

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar ef þess er óskað eða með öðrum hætti veita frekari upplýsingar eða umsögn um frumvarp þetta. Það er talsvert áhugamál undirritaðrar að bæta réttarfar í hjúskaparmálum og auka skilvirkni við afgreiðslu slíkra mála hjá sýslumanni. Undirrituð er eindregið þeirrar skoðunar að frumvarp þetta – vonandi með þeim breytingum sem hér eru lagðar til – verði til þess að ná slíku fram.

Hægt er að hafa samband við undirritaða í síma 698-5722 eða senda tölvupóst á thyri@lr.is

Virðingarfyllst
Þyri Steingrimsdóttir hrl.

